

Tilm. 11/2020/kultur D 2021

Fyrri A 1842  
skjalsnúmer  
Afgreiðsla Norræna þekkingar- og menningarnefndin

## Nefndarálit norrænu þekkingar- og menningarnefndarinnar um landsdeildartillögu um fjölmiðla- og upplýsingalæsi

### Tillaga

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð færi svarið til bókar og líti svo á að *umfjöllun sé lokið* af hálfu ráðsins um tilmæli Rek. 11/2020 um landsdeildartillögu um fjölmiðla- og upplýsingalæsi.

### Bakgrunnsupplýsingar

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

*að skipa starfshóp sem falið verði að móta stefnu um menntun í miðla- og upplýsingalæsi fyrir alla aldurshópa.*

### Svar Norrænu ráðherranefndarinnar

Norræna ráðherranefndin hefur lengi sinnt málefnum sem snúa að fjölmiðla- og upplýsingalæsi. Þess sjást meðal annars merki í starfsemi Nordicom (Norrænu gagnamiðstöðvarinnar um fjölmiðlarannsóknir) á þessu sviði til margra ára, en að auki hefur verið ráðist í ýmis afmörkuð verkefni. Þar má nefna ritið „Fighting Fakes – the Nordic Way“ frá árinu 2018 sem hefur að geyma ýmsar ráðleggingar um viðbrögð við falsfréttum.

Starf á sviði fjölmiðla- og upplýsingalæsis fellur sömuleiðis undir aðgerðaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árin 2021–2024, en einn hluti áætlunarinnar er þverfaglegt verkefni um þróun norrænnar vísitölu fjölmiðla- og upplýsingalæsis („MIK-indeks“). Vonast er til að mælikvarðarnir sem sú vísitala byggist á nýtist til að mæla þekkingu Norðurlandabúa og að þannig skapist betri grundvöllur en áður til að ráðast í markvissar aðgerðir á þessu sviði. Verkefnið er unnið í samstarfi fjölmiðlaráða og fjölmiðlanefnda norrænu ríkjanna fimm og stendur Norræna ráðherranefndin



straum af kostnaði við það. Verklok eru fyrirhuguð undir lok ársins 2022 og Norræna ráðherranefndin telur æskilegt að bíða niðurstaðna verkefnisins áður en nýrri samnorrænni starfsemi á þessu sviði er hleypt af stokkunum.

*Norræna ráðherranefndin telur þannig ekki rétt að sinni að skipa starfshóp eins og þann sem nefndur er í tilmælunum, og lítur því svo á að ekki sé unnt að verða við tilmælunum.*

### **Sjónarmið nefndarinnar**

Norræna þekkingar- og menningarnefndin þakkar ráðherranefndinni svarið við tilmælum 11/2020 um *fjölmiðla- og upplýsingalæsi*. Í svari sínu segist Norræna ráðherranefndin hafa í hyggju að fjármagna verkefni um fjölmiðla- og upplýsingalæsi að frumkvæði og á vegum norrænna yfirvalda fjölmiðlamála. Tilgangur verkefnisins er að búa til vísitölu til að mæla fjölmiðla- og upplýsingalæsi á meðal almennings (MIK-index).

Þar sem þetta er ekki beint það sem Norðurlandaráð óskaði eftir álítur Norræna ráðherranefndin að ekki hafi verið orðið við tilmælunum.

Nefndin var þó einhuga um að með verkefninu sé komið til móts við óskir nefndarinnar um að hefja vinnu við að efla fjölmiðla- og upplýsingalæsi á Norðurlöndum þótt ráðherranefndin nálgist það með öðrum hætti en tilmælin segja til um. Nefndin óskaði þess jafnframt að fá frekari upplýsingar um verkefnið á fyrirhuguðum samráðsfundi norrænu menningarmálaráðherranna á þinginu í Kaupmannahöfn.

Norðurlöndum, 29. júní 2021

*Kjell-Arne Ottosson (KD)*

*Angelika Bengtsson (SD)*

*Camilla Gunell (ÅSD)*

*Heidi Viljanen (sd)*

*Henrik Møller (S)*

*Jorodd Asphjell (A)*

*Lars Mejern Larsson (S)*

*Mikko Kinnunen (cent)*

*Ann-Sofie Alm (M)*

*Marianne Synnes Emblesvåg (H)*

*Norunn Tveiten Benestad (H)*

*Daniel Riazat (V)*

*Veronika Honkasalo (vänst)*

*Riikka Purra (saf)*